

Nr. 120 / 09 Ásdís GK 218 _ Hólmsteinn GK 20**Ásigling í höfn og sekkur****Ásdís GK 218**

Skipaskr.nr. 2395
 Smíðaður: Ísafjörður 1999, stál
 Stærð: 29,6 brl. 59 bt.
 Mesta lengd: 15,8 m Skráð lengd: 14,2 m
 Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,6 m
 Vél: Deutz 330 kW, 1999
 Fjöldi skipverja: 5



Ásdís©Hafþór Hreiðarsson

Hólmsteinn GK 20

Skipaskr.nr. 0573
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1946, eik
 Stærð: 43,5 brl. 48 bt.
 Mesta lengd: 19,72 m Skráð lengd: 16,8 m
 Breidd: 4,93 m Dýpt: 2,3 m
 Vél: GM 177 kW, 1981
 Fjöldi skipverja: 0



Hólmsteinn©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
 Lögregluskýrslur
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. október 2009 var Ásdís GK 218 að koma til hafnar í Sandgerði.

Báturinn var að koma úr róðri og ætlunin að leggjast að bryggju fyrir aftan Hólmstein GK 20, sem snéri með stefni til austurs (upp með bryggjunni) en hann hafði legið í höfninni um tíma. Þegar skipstjóri ætlaði að snúa skipinu áður en lagst væri að bryggju kom gat á stýrilögnina frá stjórnþækjum til aðalvélar. Við það festist skurður á skrúfu en skipstjórinn brást snöggt við og gat dregið af snúningi aðalvélar niður á hægustu ferð. Jafnframt kúplaði hann frá skrúfu. Skipið skeið því áfram á hægri ferð með stýri hart í bakborða og kom stefnið á miðsíðu Hólmsteins GK. Skipverjar töldu að engar skemmdir hefðu orðið á Hólmsteini GK þar sem þeir fundu nánast ekkert högg við ásiglinguna. Ásdís GK var svo færð að bryggju aftan við Hólmstein GK með dragnótavindum skipsins. Skipverjar voru að taka dragnótina af

nótatromlunni niður á þilfarið þegar þeir sáu að slagsíða kom á Hólmstein GK og í einni svipan sökk hann.

Hólmsteinn GK náðist á flot daginn eftir og reyndist gat (20x70 sm) um einum metra neðan við sjólínu hafa komið á skrokkinn eftir perustefni Ásdísar GK. Hólmsteinn GK var síðan hífður á land.



Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á bilun stjórnbúnaðarins kom í ljós að 8mm plastleiðsla að utanmáli til stjórnunar skrúfuskurðar hafði rofnað svo vökvinn lak út;
- að sama stjórnkerfi er við stjórnun vélar og skrúfubúnaðar en yfirfærsla úr brú er með vökva (vatn blandað frostlegi) undir yfirþrýstingi með loftpúða og starfaði kerfið á 75 psi (5,1 bar);
- að þar sem lögnin rofnaði lá hún nálægt pústgrein sem var einangruð en hiti frá henni hefur haft áhrif á styrk og hörku efnisins enda var hún í ekki nema í 10 til 20 sm fjarlægð. Þrýstingsaukning verður í lögninni þegar tekið er í stjórnþök í brú og aukningin verður þeim mun meiri sem þau eru hreyfð hraðar (snögg hreyfing). Skipstjóri sagðist alltaf stöðva á núll punkti stjórnþækisins áður en hann breytir skurði í afturábak eða áfram því stigningsbreyting er ekki háð hraða handarhreyfingar hans;
- að við skoðun á lögninni sást að efnið hafði tútnað út í „blöðru“ áður en það rofnaði og þar voru smásprungur á yfirborði rörsins sem benda til þess að þar hafi það einnig gefið eftir;
- að á rörunum sést ekki nafn framleiðanda þeirra og því ekki ljóst hve mikinn þrýsting þeim var ætlað að þola eða hitapól þeirra;
- að svipað atvik (113/09) hefur áður verið til umfjöllunar hjá nefndinni;
- að ekki var athugað með skemmdir á Hólmsteini GK en skipverjar Ásdísar gáfu sér að ekkert hafi skemmt.

Sprungusvæði á yfirborði efnisins teygst eftir þenslu



„Blaðra“ hefur blásið út á lögninni og brostið

Nefndarálit:

Orsök ásiglingar var bilun í stjórnlögn við skiptiskrúfu.